

Þátttaka Íslands í áætlunum ESB

Upplýsingarit

Júlí 2001



Fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB

Samningurinn um Evrópska efnhags-svæðið (EES) fjallar ekki aðeins um frelsi fólks til að mennta sig, starfa og búa allstaðar á svæðinu og frjálst flæði á vörum, fjármagni, þjónustu heldur einnig um þátttöku í fjölmörgum samstarfsáætlunum Evrópusambandsins (ESB). Samstarfsáætlanirnar ýta undir samskipti á milli fyrirtækja, stofnana og einstaklinga á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum. Tilgangurinn er að styrkja rannsóknir og þróun og samstarf stofnana og fyrirtækja, auðga menningarlíf og gefa fólki kost á að afla sér starfsmenntunar utan landssteinanna - og veita ungu fólki tækifæri til að mennta sig, kynnast og upplifa Evrópu.

Um þessar mundir gefst fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum kostur á að taka þátt í á milli 20 og 30 samstarfsáætlunum ESB á ýmsum sviðum. Hér fyrir neðan er aðeins tæpt á nokkrum þeirra. Hafa ber í huga að flestar áætlanirnar eru tímabundnar og sífellt eru að spretta upp nýjar áætlanir eftir því sem þörf krefur. Yfirleitt er enginn kvóti á framlögum til Íslendinga eða annarra þátttökuríkja heldur eru verkefni metin út frá eigin verðleikum og þau bestu fá styrki / aðstoð.

Rannsóknir og þróun, fimmta rammaáætlunin

Þekktastar samstarfsáætlananna eru svokallaðar rammaáætlanir um rannsóknir og þróun. Alls fengu 114 verkefni með þátttöku íslenskra fyrirtækja og stofnana styrki úr fjórðu rammaáætluninni sem rann út í lok árs 1998. Hagnaður fyrirtækja af þátttöku í hinum margvíslegu samstarfsáætlunum verður ekki aðeins mæld í peningum heldur mikið frekar í aðgangi að þekkingu og aðstöðu. Í könnun menntamálaráðuneytisins sögðu um 90%

þeirra íslensku fyrirtækja sem tóku þátt í fjórðu rammaáætluninni til að mynda að þátttakan hefði haft í för með sér aukna fagþekkingu og meira en helmingur verkefna skilaði sér í nýrri tækni og/eða þróun nýrra aðferða. Þetta er í góðu samræmi við hugsunina á bak við áætlunina en hún er sú að nýta fjármagn, tíma og aðstöðu sem varið er til rannsókna betur með samstarfi fyrirtækja og stofnana þvert á landamæri – á sama tíma og ýtt er undir þau verkefni sem eru líklegust til að bæta lífsgæði Evrópubúa með fjárframlögum og annarri aðstöðu.

Fimmta rammaáætlunin fyrir rannsókn- og þróunarverkefni hófst í janúar 1999 og stendur til loka árs 2002. Áformað er að verja rúmlega 15 milljörðum evra til hennar á tímabilinu, eða um 1.250 milljörðum íslenskra króna (um 4% af fjárlögum ESB). Meðalstyrkur á verkefni í fjórðu rammaáætluninni var um 80 milljónir íslenskra króna og heldur er gert ráð fyrir að styrkirnir verði færri og stæri undir fimmtu rammaáætluninni. Fimmta rammaáætlunin skiptist í fjögur megin svið eða svokallaðar þemaáætlanir. Þær eru:

- Lífsgæði og nýting náttúruauðlinda
- Upplýsingasamfélagið
- Samkeppni og varanlegur hagvöxtur
- Verndun vistkerfisins

Einnig eru þjár svokallaðar þeráætlanir, nokkuð smærri í sniðum, sem kallast:

- Alþjóðlegt samstarf
- Nýsköpun og þátttaka lítilla fyrirtækja
- Mannauður og félags- /hagvísindarannsóknir.

Umsóknir krefjast mikillar vinnu og ferlið getur verið heldur tímafrekt. Fyrsta stigið er að kanna undir hvaða þemaáætlun og undirkafla hennar væntanlegt verkefni

fellur og hvenær næsti umsóknarfrestur er. Næst er að leita að samstarfsaðilum í öðrum EES-ríkjum og skrifa umsókn. Almennt er reiknað með að styrkir standi ekki undir meira en sem nemur helmingi kostnaðar við verkefni, en mótframlag styrkjega getur m.a. falist í vinnu. Nauðsynlegt er að finna að minnsta kosti tvo samstarfsaðila í öðrum EES-ríkjum og verður annar þeirra að vera frá ESB-ríki.

Rannsóknarþjónusta Háskólans
<http://www.evropusamvinna.is>
Sími 525 4900

Rannsóknaráð Íslands (RANNÍS)
<http://www.rannis.is>
Sími 562 1320

Iðntæknistofnun
<http://www.iti.is>
Sími 570 71 00

Aðstoð til að nýta tækifæri sameiginlega markaðarins

Evrópusambandið hefur ýtt úr vör ýmsum verkefnum og sett upp upplýsingamiðstöðvar til að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að nýta sér tækifæri sameiginlega markaðarins. Nær öll fyrirtæki á Íslandi falla undir skilgreiningu ESB á litlum og meðalstórum fyrirtækjum (færi en 250 starfsmenn og ársvelta lægri en 20 milljónir evra eða efnahagsreikningur minni en 10 milljónir evra). Aðgerðum ESB á þessu sviði er markaður rammi í svokölluðum aðgerðaáætlunum um lítil og meðalstór fyrirtæki, sem Ísland á aðild að.

Euro Info Centre Ísland - upplýsingamiðstöð atvinnulífsins um Evrópumál veitir upplýsingar um tollamál, staðla og reglur og útboð opinberra aðila á EES-svæðinu. Skrifstofan, sem hefur aðstöðu hjá Útflutningsráði, veitir einnig upplýsingar um opinber útboð í Evrópu og ráðgjöf um þátttöku í Evrópskum samstarfsverkefnum.

Iðntæknistofnun aðstoðar við leit að hentugum samstarfsaðilum / viðskiptaaðilum í Evrópu. Ennfremur geta þau fengið ráðgjafaraðstoð til að greina þarfir, markmið og möguleika fyrirtækisins á þátttöku í Evrópusamstarfi.

Samtök iðnaðarins taka þátt í tveimur alþjóðlegum samstarfsverkefnum í samvinnu við RANNÍS, sem er ætlað að ýta undir þátttöku litilla og meðalstórra fyrirtækja í fimmtu rammáætlun ESB fyrir rannsóknir og þróun.

Euro Info Centre Ísland – upplýsingamiðstöð atvinnulífsins um Evrópumál

<http://www.icetrade.is/euro>
euroinfo@icetrade.is
Sími 511 4000

Iðntæknistofnun- Evrópumiðstöð IMPRU

<http://www.iti.is>
Sími 570 10 00

Samtök iðnaðarins

<http://www.si.is>
Sími 511 5555

Menntun og starfsþjálfun

Með tilkomu EES eiga Íslendingar jafnan rétt á við borgara ESB ríkja til að mennta sig alls staðar á EES-svæðinu. Þetta þýðir að til að mynda háskólum í ESB-ríkjum er óheimilt að setja kvóta á fjölda íslenskra nemenda eða setja á annan hátt stein í götu Íslendinga sem vilja mennta sig í viðkomandi ríki. Eina undantekningin er að Bretum er heimilt, með sérstakri bókun við EES-samninginn, að innheimta önnur skólagjöld af Norðmönnum og Íslendingum en af borgurum ESB-ríkja. Auk þess að opna menntastofnanir í Evrópu upp á gátt fyrir Íslendingum veitir EES-samningurinn þátttöku í ýmsum styrktaráætlunum á sviði menntunar og starfsþjálfunar sem einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir hafa nýtt í ríkum mæli.

Langt mál er að telja upp allar áætlanirnar en helstar eru Leonardo Da Vinci áætlunin um verknám, starfsþjálfun og símenntun og Sókratesáætlunin, sem nær til allra skólastiga og flestra „gerða“ menntunar.

Leonardó Da Vinci áætluninni er sérstaklega beint til fyrirtækja en henni er ætlað að efla starfsmenntun á framhaldskóla- og háskólastig og ýta undir símenntun í atvinnulífinu. Áætlunin veitir meðal annars styrki til starfsmannaskipta, þar sem starfsfólki er gefinn kostur á að afla sér reynslu í öðru Evrópuríki, auk þess að styðja við þróun námsgagna og styrkja rannsóknarverkefni sem snerta starfsmenntun. Leonardo veitir jafnframt

styrki til nemenda þannig að þeir geti fengið starfsreynslu í evrópskum fyrirtækjum.

MENNT-samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla er þjónustuskrifstofa fyrir Leonardí da Vinci starfsmenntaáætlunina aðstoðar íslenska umsækjendur, auk þess sem hún kynnir áætlunina og dreifir niðurstöðum. MENNT hefur einnig umsjón með Europass og CEDEFOP á Íslandi, sem hvort tveggja stuðlar að auknum tækifærum til starfsmenntunar á EES-svæðinu.

Meðal undirátalana Sókratesáætlunarinnar má nefna ERASMUS, sem gefur háskólanemendum tækifæri til að verja hluta af náms tíma sínum í evrópskum skóla, COMENIUS, sem styrkir m.a. samstarfsverkefni milli skóla og endurmenntun kennara, LINGUA, sem veitir fyrst og fremst styrki til þálfunar tungumálakennara, ODL-áætlunin, sem styrkir fjarnám og Adult Education, sem styrkir verkefni er lúta að fullorðinsfræðslu. Undir Sókrates fellur einnig upplýsingamiðlun og miðlun reynslu í menntamálum og rekstur svokallaðra NARIC-upplýsingastöðva um gagnkvæmt námsmat og viðurkenningar háskólaprófa.

Landsskrifstofa Leonardo áætlunarinnar

<http://www.rthj.hi.is/Leonardo>

Sími 525 4900

MENNT - samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla

<http://www.mennt.is>

511 2660

Háskólinn á Akureyri

<http://www.unak.is>

Sími 463 0900

Landsskrifstofa SÓKRATES áætlunarinnar

Alþjóðaskrifstofa Háskólastigsins

<http://www.hi.is/HI/Stofn/ASK/index.html>

Sími 525 4311

Menningarmál

Meginmarkmið samstarfs Evrópusambandsins í menningarmálum er að kynna fjölbreytileika í menningarflóru aðildarríkjanna, virkja sameiginlegan

menningararf Evrópu og styðja við bakið á menningarsamvinnu við ríki utan sambandsins og alþjóðasamtök. Í þessu skyni hefur ESB sett á fót ýmsar samstarfs- og styrktaráætlanir.

CULTURE 2000 er heiti á áætlun sem tók 1. janúar árið 2000. Hún tók við af fyrri áætlunum ESB: Kaleidoscope sem styrkti ýmsa menningarviðburði og menningarleg samskipti, Ariane sem styrkti þýðingar á evrópskum bókmenntum og samvinnu á því sviði og Raphael sem styrkti verndun evrópskrar arfleifðar og samvinnuverkefni á því sviði. Helstu skilyrði fyrir þátttöku er að um samstarf stofnana eða fyrirtækja í fjórum aðildarríkjum sé að ræða.

MEDIA II áætlun Evrópusambandsins nær til myndmiðlunar, kvikmynda, sjónvarps og margmiðlunar. Áætlunin styrkir undirbúning verkefna og dreifingu efnis með lánum og styrkjum. Þá styrkir áætlunin kvikmyndahátíðir og þálfun fagfólks um alla Evrópu með niðurgreiðslu á námskeiðum og í vissum tilvikum með styrkjum til þátttakenda.

Cultural Contact Point á Íslandi

<http://www.centrum.is/ccp>

562 63 88

Media upplýsingaþjónustan á Íslandi

<http://www.centrum.is/mediadesk/>

Sími 562 63 66

Jafnréttismál

Íslendingar eiga aðild að rammáætlun um jafnrétti kynjanna, þar sem megináherla er á veitingu styrkja til verkefna sem miða að bætri stöðu kvenna á vinnumarkaði og verkefna sem auka félagsleg réttindi karla og kvenna.

Daphne er heiti á áætlun sem vinnur gegn ofbeldi á börnum, ungmennum og konum. Megintilgangur verkefnisins er að hvetja til og styrkja verkefni sem vernda þessa hópa gegn hvers kyns ofbeldi og styðja þöglendur ofbeldis.

Skrifstofa jafnréttismála

<http://www.jafnretti.is>

Sími 552 74 20

Ungt fólk í Evrópu

Ísland á aðild að nokkrum verkefnum sem er ætlað að byggja upp samstöðu, sjálfstraust og hæfileika ungs fólks á aldrinum 15 til 25 ára. Veigamesta samstarfsáætlunin nefnist Ungt fólk í Evrópu en henni er ætlað að efla ungmennaskipti á milli Evrópulanda og gefa ungu fólki kost á að kynnst alþjóðlegu samstarfi og erlendri menningu. Ungt fólk getur tekið dvalist upp í eitt ár í öðru Evrópuríki undir áætlun sem kallast Evrópsk sjálfboðafjónusta en markmið hennar er að gefa ungu fólki tækifæri til að kynnst þjóðlífi í öðru Evrópuríki af eigin raun um leið og unnið er að uppbyggilegum verkefnum.

Reknar eru upplýsingaskrifstofur fyrir báðar áætlanirnar í Hinu húsinu í Reykjavík. Ennfremur eru starfrættar í Hinu húsinu og á Akureyri svokallaðar Evróvísir upplýsingamiðstöðvar fyrir ungt fólk og fólk sem starfar að æskulýðsmálum.

Ungt fólk í Evrópu

<http://www.centrum.is/ungtfolk/>

Sími 55 22 22 0

Evrópskt sjálfboðastarf/European Voluntary service, EURODESK á Íslandi

<http://www.centrum.is/ungtfolk/>

Sími 55 22 22 0

Atvinnumiðlun

EURES (EUROpean Employment Services) er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á Evrópska Efnahagssvaðinu. Fimm hundruð ráðgjafar mynda samskiptanet í öllum ríkjum EES. Markmiðið er að auðvelda vinnandi fólki að flytjast milli EES-landa og skrifstofan aðstoðar fólk við atvinnuleit og veitir ráðgjöf vegna flutninga til annarra ríkja EES.

EURES – vinnumiðlun fyrir sameiginlega vinnumarkaðinn

EES-vinnumiðlun

<http://www.vinnumalastofnun.is/>

Sími 588 2580

Krætur

Stjórnardeild rannsókna

http://europa.eu.int/comm/dgs/research/index_en.html

Orkumál

Framkvæmdastjórn ESB leggur mikla áherslu á frjálsan innri markaður með orku, aukna samkeppni á orkumarkaði og hreinni orkugjafa. Reiknað er með að viðskipti með raforku verði frjáls árið 2003 og að frjálsri samkeppni með gas verði komið á í skrefum næstu 10 árum – fram til ársins 2008. Helstu markmið ESB á þessu sviði er að fá ódýrari og umhverfisvænni orku, en fyrirtæki í ESB greiða nokkuð hærra verð fyrir orku en fyrirtæki víðast hvar annars staðar í heiminum. ESB þarf að flytja inn um helming orkugjafa sinna og það er ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar sem framkvæmdastjórnin hefur hrint í framkvæmd nokkrum áætlunum til að ýta undir þróun umhverfisvænna, sjálfbærra orkugjafa.

Fimmta rammaáætlunin tekur til orkumála, sérstaklega uppbyggingar hreinna orkukerfa. Þar felast líklega mestu möguleikarnir á styrkjum til rannsóknar- og þróunarverkefna á þessu sviði. Íslendingar taka auk þess þátt í nokkrum samstarfsáætlunum ESB í orkumálum. SAVE II áætlunin veitir styrki til verkefna sem miða að hagkvæmari nýtingu orku í byggingum, í samgöngum, í iðnaði o.s.frv. og til ýmissa annarra orkuverkefna. Íslendingar taka einnig þátt í svokallaðri ALTERNER áætlun sem ætlað er að styrkja rannsóknir á óhefðbundnum orkugjöfum. Önnur áætlun ESB á þessu sviði nefnist OPET-upplýsinganet en meginmarkmið þess er að stuðla að bættri orkunýtingu og notkun umhverfisvænnar orku með kynningum á nýrri tækni, aðstoð við styrkumsóknir og skipulagningu fræðslu um orkusparnað og tengd málefni. Íslendingar hafa tekið þátt í OPET en í svipinn er hlé á þeirri þátttöku.

Orkumálastjóri fer með umsjón SAVE II verkefnisins á Íslandi, sími 569 6000. Orkustofnun, sími 569 6000, Rannís og Samorka hafa farið með með rekstur OPET-upplýsinganetsins á Íslandi. Ennfremur tekur fimmta rammaáætlunin til orkumála, m.a. með styrkjum til rannsókna og þróunar á hreinni orkukerfum.

Stjórnardeild mennta- og menningarmálahttp://europa.eu.int/comm/dgs/education_culture/index_en.htm**Stjórnardeild fyrir nýsköpun**http://europa.eu.int/comm/dgs/enterprise/index_en.htm**Stjórnardeild fyrir málefni upplýsingasamfélagsins**http://europa.eu.int/comm/dgs/information_society/index_en.htm**Stjórnardeild atvinnu- og félagsmála**http://europa.eu.int/comm/dgs/employment_social/index_en.htm

Taflan sýnir helstu efnisflokka fimmtu rammaáætlunarinnar um rannsóknir og þróun. Þeir skiptast í fjórar svokallaðar þemaáætlanir og þrjár þveráætlanir.

Lífsgæði og nýting náttúruauðlinda	Upplýsingasamfélagið	Samkeppni og varanlegur hagvöxtur	Verndun vistkerfisins	Þrjár þveráætlanir
Heilsa, fæði, umhverfi	Upplýsingakerfi og þjónusta við borgarana	Nýsköpun; vörur, ferlar og skipulag	Sjálfbær vatnsbúskapur og vantsgæði	
Barátta gegn smitsjúkdómum	Nýir vinnuhættir og rafræn viðskipti	Samþætting og sjálfbær samgöngur	Hnattræmar breytingar á umhverfi og loftslagi	Alþjóðlegt samstarf
Lífstæknir	Margmiðlunar-efni og tól	Land og sjóflutningar	Framtíðarborgin og menningararfur	Nýsköpun og þátttaka lítilla fyrirtækja
Sjálfbær fiskveiðar, landbúnaður og landnýting	Grunntækni og innviðir	Geimvísindi	Hreinni orkukerfi	Mannauður og félags / hagvísindarannsóknir
Rannsóknir í þágu aldraðra	Almennt	Almennt	Hrein og samkeppnisfær orkuöflun	
Almennt			Almennt	